



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 6. janúar 2016.

Breytingar á reglugerðum KSÍ um deildarbikarkeppni KSÍ

Á fundi stjórnar KSÍ 16. desember 2015 voru samþykktar nýjar reglugerðir KSÍ um deildarbikarkeppni KSÍ. Þessar reglugerðir hafa verið birtar á heimasíðu KSÍ.

Helstu breytingar á reglugerðunum eru kynntar hér að neðan en mikilvægt er fyrir aðildarfélög KSÍ að kynna sér reglugerðirnar ítarlega.

Helstu breytingar á reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni KSÍ eru eftirfarandi:

- Í A deild karla er nú leikið í fjórum 6 liða riðlum í stað þriggja 8 liða riðla áður. Einnig er bætt við riðli í B-deild karla. Samfara þessu breytist leikjaröð í úrslitakeppnum A og B deildar karla lítillega.
- Í Lengjubikarnum (deildarbikarkeppni KSÍ) mun aga og úrskurðarnefnd KSÍ kveða upp úrskurði vegna leikbanna með sama hætti og verið hefur í Íslandsmótum og bikarkeppnum. Ekki er því lengur um að ræða að leikmenn fari sjálfkrafa í leikbönn vegna áminninga í Lengjubikarnum.
- Ferðakostnaður í úrslitakeppni A deildar Lengjubikars kvenna skiptist nú jafn líkt og er í Lengjubikar karla.
- Félag sem hyggjast ekki taka þátt í úrslitakeppnum Lengjubikarsins, t.d. vegna æfingaferða þurfa að tilkynna mótanefnd KSÍ um slíkt í síðasta lagi 10. mars. Félag sem tilkynna forföll í úrslitakeppnum Lengjubikarsins eftir 10. mars verða sektuð um kr. 100 þús.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaða ef frekari upplýsinga er óskað.

Klara Bjartmarz

Klara Bjartmarz,
framkvæmdastjóri KSÍ.